



***Fornleifaskráning vegna hugsanlegrar stækkunar
á Lagarfossvirkjun***



Indriði Skarphéðinsson

2025


Forsíðumynd: Garðlag [3453-006], Stekkhöfði í bakgrunni.



© Indriði Skarphéðinsson & Rannveig Þórhallsdóttir
Ágúst 2025

Efnisyfirlit

Abstract	1
Inngangur	2
Skráningarsvæðið.....	2
Fornleifaskrá	3
Kirkjubær	3
[3453-001] varða – samgöngubót	3
[3453-002] hleðsla – lagnir/veita	4
[3453-003] niðurgröftur – kolagröf	4
[3453-004] niðurgröftur – kolagröf	4
[3453-005] niðurgröftur – kolagröf	5
[3453-006] garðlag – óþekkt.....	5
[3453-007] garðlag – túngarður	6
[3453-008] tóft – útihús	6
[3453-009] bæjarhóll – Fossgerði.....	7
[3453-010] garðlag – túngarður	8
[3453-011] niðurgröftur – kolagröf	8
[3453-012] garðlag – óþekkt.....	9
Niðurstöður	9
Heimildaskrá:	10
Viðauki I. Vegna tilefnis	10
Viðauki II. Tafla yfir skráðar minjar.....	11
Viðauki III. Minjakort.....	11



Kort 1. Staðsetning skráningarsvæðisins.


Abstract

Orkusalan hired Sagnbrunnur ehf, to conduct an archaeological survey of an area on the west bank of Lagarfljót river by Lagarfoss hydroelectric dam. The project has the registration nr. 3453. During fieldwork 12 features were surveyed, six of which are inside the survey area and six a short distance outside the area. Out of the six inside the survey area five are considered protected archaeological features. The protected archaeological features in the area could be at risk of being damaged by development which may result in the need counter measures to minimize the damage. The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012

Inngangur

Að beiðni Orkusölunnar tók Sagnabrunnur ehf. að sér fornleifaskráningu á svæði á vesturbakka Lagarfljóts við Lagarfossvirkjun. Fulltrúi verkkaupa var Snævarr Örn Georgsson og fékk verkið verkefnanúmerið 3453 hjá Minjastofnun Íslands. Farið var á vettvang þann 24. júní síðastliðin og svæðið tekið út. Í heildina voru skráðar 12 minjar í og við skráningarsvæðið og mæld upp ein áður skráðar fornleif.

Skráningarsvæðið



Kort 2. Afmörkun skráningarsvæðisins við Lagarfossvirkjun.

Skráningarsvæðið þekur um 600x200 m stórt svæði á vesturbakka Lagarfljótsins við Lagarfossvirkjun og liggur það innan jarðamarka Kirkjubæjar. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar sem eru

eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögunum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra skv. 22. gr. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umhverfis samkvæmt sömu grein. Vegna þessa var einnig tekið út 15 m svæði umhverfis rannsóknarsvæðið. Engar friðlýstar fornleifar eru innan eða í nálægð við skráningarsvæðið.

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á svæðinu vegna Kárahnjúkavirkjunar (Adolf Friðriksson 2001) en sú skráning er úrelt og uppfyllir ekki núverandi staðla Minjastofnunnar Íslands um Fornleifaskráningu. Var ein áður skráð fornleif skráð aftur nú og er það bæjarstæði Fossgærðis.

Fornleifaskrá

Við fornleifaskráninguna voru skráðar 12 minjar og eru þær allar innan jarðamarka Kirkjubæjar. Af skráðum fornleifum eru sex sem kann að stafa hætta af framkvæmdum á skráningarsvæðinu.

Kirkjubær

Kirkjubær er kirkjustaðurinn í Hróarstungu og hefur trúlega verið það frá upphafi kirkjuskipan á landinu, einnig er talið að þar hafi staðið bær Hróars Tungugoða er hét Hof og hafi nafni breyst í Kirkjubæ eftir Kristnitöku. Í landi Kirkjubæjar eru þekkt sex eyðibýli, þar á meðal Fossgærði sem skráð var nú (Ármann Höskuldsson 1974:339). Kirkjubær er metinn 12 hundruð að dýrleika 1695 og er kirkjunnar á Kirkjubæ getið í kirknaskrá Páls frá um 1200 (Adolf Friðriksson 2001).

[3453-001] varða – samgöngubót

Varðan er staðsett á klöpp á vesturbakka Lagarfljóts um 150 m neðan stífluna sem stendur við vesturbakka fljótsins. Varðan er um 1x1 m í grunninn og er um 0.4 m á hæð, að mestu hlaðin grjóthellum. Ekki sáust aðrar vörður á svæðinu og hlutverk minjanna ekki að fullu ljóst.



Mynd 1. Varða [3453-001], mynd tekin til austurs.

[3453-002] hleðsla – lagnir/veita

Minjarnar eru staðsettar á klöpp á austurbakka Lagarfljóts um 320 m neðan við stífluna sem stendur við vesturbakka fljótsins. Um er að ræða niðurgrafna grjóthrúgu með holu í miðjunni. Að öllum líkindum hefur staðið hér síma- eða rafmagnsstaur á seinni hluta 20. aldar og því ekki um friðaðar fornleifar að ræða.



Mynd 2. Hleðsla [3453-002], mynd tekin til norðurs.

[3453-003] niðurgröftur – kolagröf

Minjarnar eru staðsettar um 30 m vestan við bakka Lagarfljóts um 200 m innan við Fossvík. Um er að ræða 1,2x1,2 m stóran og 0,5 m djúpan, ferhyrndan niðurgröft. Minjarnar eru nokkuð illgreinilegar í stórþýfðum móanum og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.



Mynd 3. Kolagröf [3453-003], mynd tekin til suðurs.

[3453-004] niðurgröftur – kolagröf

Minjarnar eru staðsettar um 70 m vestan við bakka Lagarfljóts um 330 m innan við Fossvík. Um er að ræða 1,2x1,6 m stóran og 0,5 m djúpan, ferhyrndan niðurgröft. Minjarnar eru að hluta til faldar í kjarri og eru nokkuð illgreinilegar í stórþýfðum móa, ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Um 5 m



Mynd 4. Kolagröf [3453-004], mynd tekin til suðurs.

sunnar er annar nokkuð minni niðurgröftur [3453-005].

[3453-005] niðurgröftur – kolagröf

Minjarnar eru staðsettar um 70 m vestan við bakka Lagarfljóts um 330 m innan við Fossvík. Um er að ræða 0,8x1,2 m stóran og 0,3 m djúpan, ferhyrndan niðurgröft. Minjarnar eru að hluta til faldar í kjarri og eru nokkuð illgreinilegar í stórþýfðum móa, ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Um 5 m norðar er annar nokkuð stærri niðurgröftur [3453-004].



Mynd 5. Kolagröf [3453-005], mynd tekin til austurs.

[3453-006] garðlag – óþekkt

Minjarnar eru staðsettar í aflíðandi votlendi stutt upp af Fossvík, um 100 m suðaustan við bæjarstæði Fossgarðis. Um er að ræða 0,2-0,3 m hátt og 1,5-2,5 m breitt garðlag sem er greinilegt á um 50 m löngum kafla. Garðlagið liggur austur-vestur og þétt við það sunnan megin rennur lítill lækur. Hlutverk garðlagsins



Mynd 6. Garðlag [3453-006], mynd tekin til suðurs. Stekkhöfði í bakrunni.

er ekki ljóst en trúlega tengist það búsetu í Fossgarði og gæti verið um vatnsveitingu að ræða eða aðhald gripa.

[3453-007] garðlag – túngarður

Túngarðurinn er staðsettur við bæjarstæði Fossgerðis og liggur í tveimur hlutum frá norðausturhorni bæjarhólsins [3453-009] langleiðina að suðvestur horni hans.

Garðlagið afmarkar að mestu 60x45 m stórt svæði austan og sunnan við bæjarhólinn. Skarð er í túngarðinum þar sem tóft [3453-008] stendur um 30 m frá bæjarhólnum, þétt innan við túngarðinn.

Á suðurhlíð túngarðsins, að innanverðu, gengur L-laga garðlag um 3 m út úr honum og myndar 4x1.5 m stórt rými sem opið er til austurs. Garðlagið er um 0,2-0,5 m á hæð og 1,5-2,5 m breitt, í heildina liggur það á um 130 m löngu svæði.



Mynd 7. Túngarður [3453-007], mynd tekin til suðvesturs.

[3453-008] tóft – útihús

Tóftin er staðsett um 20 m suðaustan við bæjarhól [3453-009] Fossgerðis, þétt innan við túngarð [3453-007]. Um er að ræða tvíhólfa 17x7,5 m stóra tóft sem liggur gróflega norður-suður. Rýmin tvö í tóftinni eru misstór og ekki samtengd, það minna er norðan megin í henni, það er um 3x3 m að stærð og er gengt inn í það frá austri. Stærri rýmið er um 4x8 m



Mynd 8. Tóft [3453-008], mynd tekin til suðurs.

að stærð og opið til norðurs og að hluta til austurs. Veggir tóftarinnar eru um 0,2x0,3 m á hæð og 1,5-2,5 m á breidd. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en trúlega er um einhverskonar útihús að ræða.

[3453-009] bæjarhóll – Fossgerði



Kort 3. Bæjarstæði Fossgerðis.

Fossgerði er gamalt eyðibýli í landi Kirkjubæjar, staðurinn er einnig kallaður Fossstekkur en þar var stekkur eftir að býlið fór í eyði (Ármann Halldórsson 1974:338; Örnefnaskrá Kirkjubæjar:16). Fossgerði hefur áður verið skráð við fornleifakönnun vegna Kárahnjúkavirkjunar árið 2001 og fengu minjarnar þar númerið: NM-095:032 (Adolf Friðriksson 2001:41).



Mynd 9. Bæjarhóll [3453-009], mynd tekin til norðurs.

Bæjarstæðið stendur beint ofan við Fossvík beint andspænis stöðvarhúsi Lagarfossvirkjunar á austurbakka fljótsins. Bæjarhóllinn er um 30x20 m að stærð og rís hátt í tvo metra upp úr landinu í kring. Greina má þrjú rými í bæjarhólnum, eitt lítið við norðurenda hans, 1,5x3 m að stærð og

opið til vesturs, og tvö samtengd við miðju og suðurhluta hólins. Á miðjum hólnum er 3x4 m stórt rými sem gengt er í frá öðru stærra rými norðan í hólnum. Stærra rýmið er um 10x5 m að stærð og gengt er inn í það frá austri. Ekki er ólíklegt að stekkurinn sem á staðnum var eftir að býlið fór í eyði hafi verið staðsettur á bæjarhólnum og að samtengdu rýmin tvö séu leifar hans. Umhverfis bæjarhólinn liggur hringlaga túngarður [3453-011] og annar innri túngarður [3453-007] liggur upp við bæjarhólinn austan og sunnan megin.

[3453-010] garðlag – túngarður

Hringlaga garðlag sem liggur norðan og vestan megin við bæjarstæði Fossgarðs [3453-009] á um 200 m löngum kafla.

Við miðja vesturhlið túngarðsins gengur garðlag út úr honum til vesturs sem afmarkar 15x2,5 m stórt rými með inngangi til norðurs. Stuttu sunnan við það klofnar garðlagið í tvennt, innri hlutinn tekur beygju til austurs og liggur

langleiðina að suðausturhorni garðlags [3453-007] en ytri hlutinn liggur meira til suðurs og hverfur um 50 m sunnan við klofninginn. Ekki er óhugsandi að garðlag [3453-006] sem stendur í mýrinni suðaustur undir Fossgarði sé partur af ytri hluta garðlagsins. Veggir garðlagsins eru á bilinu 0,5-1,2 m á hæð og 1,5-2,5 m á breidd að mestu vaxnir mosa og lyngi. Skarð er í austurhluta túngarðsins þar sem slóði tengdur rafmagnslínu hefur skorið í gegnum garðlagið.



Mynd 10., Túngarður [3453-010], mynd tekin til norðurs.

[3453-011] niðurgröftur – kolagröf

Minjarnar eru staðsettar rúmum tveimur metrum vestan við túngarð [3453-010].

Um er að ræða ferhyrndan 1,5x3 m stóran og 0,7 m djúpan niðurgröft.

Minjarnar minna mest á kolagröf en ekki er útilokað að um litla niðurgrafna tóft sé að ræða.



Mynd 11. Kolagröf [3453-011], mynd tekin til vesturs.

[3453-012] garðlag – óþekkt

Minjarnar liggja eru staðsettar austur undir norðurenda Stekkhöfða og eru greinilegar í tveimur pörtum á 90 m löngum kafla í mýrinni á milli Stekkhöfða og Lagarfljóts. Garðlagið er mikið sokkið ofan í mýrina og var illgreinanlegt á vettvangi en það sést ágætlega móta fyrir því á loftmyndum.



Mynd 12. Garðlag [3453-012], mynd tekin til vesturs.

Vegghæð garðlagins er um 0,1-0,2 m og þykkt þeirra á bilinu 1,5-2,5 m. Hlutverk garðlagsins er ekki ljóst en um 240 m sunnan liggur forn landamerkjagarður til vesturs frá Lagarfljótinu og líklega er hér um vörslugarð að ræða.

Niðurstöður

Í heildina voru skráðar 12 fornleifar í og við rannsóknarsvæðið, sex innan þess og sex stutt utan þess. Af þeim sex skráðu minjum innan þess telst ein, hleðsla [3453-002], ekki til friðaðra fornleifa. Þær friðuðu fornleifar sem liggja innan rannsóknarsvæðisins eru: varða [3453-001], kolagrafir [3453-003, -004 & -005] og garðlag [3453-007]. Þétt sunnan við rannsóknarsvæði var skráð garðlag [3453-012] sem liggur næst í um 6 m fjarlægð frá suðurmörkum svæðisins og liggur svæðið því inn fyrir 15 m friðhelgaðs svæðis umhverfis minjarnar. Skráðar voru fimm minjar sem eyðibýlinu Fossgærði og eru þær allar utan rannsóknarsvæðisins um 30 m norðvestan við það.

Rannsóknarsvæðið liggur í óræktuðu landi spölkorn frá Kirkjubæ og endurspeglast það í skráðum minjum. Meintar kolagrafir votta um það að svæðið hafi verið skógi vaxið á einhverjum tímamarki og finnast þær víða í nokkuð miklum mæli við bakka Lagarfljóts (Helgi Hall Lagarfljótsbók). Garðlögin tvö utan bæjarstæðisins Fossgærðis gefa einnig innsýn inn í landskipulag og landnýtingu fyrri tíma en mikil og forn garðlög eru víða greinileg í tungunni og sum sem þvera hana frá Lagarfljóti til Jökulsár. Fossgærði mætti kalla nokkuð hefðbundið smábýli eða gerði sem byggist út úr stærri jörðum líkt og Kirkjubæ og er Fossgærði aðeins eitt af sex eyðibýlum í landi Kirkjubæjar (Ármann Halldórsson 1974:339).

Heimildaskrá:

Adolf Friðriksson (2001). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar virkjunar við Kárahnjúka*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík. FS135a-00061.

Ármann Halldórsson (1974). *Sveitir og Jarðir í Múlaþingi*. I. bindi. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Gólar, Seltjarnarnesi.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson, (2000). *Múlasýslur, sýslu og sóknalýsingar*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Örnefnaskrá Kirkjubær (1970). Ari Gíslason og Eiríkur Björgvin Eiríksson skráðu.

Viðauki I. Vegna tilefnis

Þær friðuðu fornleifar sem koma til með að stafa hættu af framkvæmdum innan rannsóknarsvæðisins eru: varða [3453-001], kolagrafir [3453-003, -004 & -005] og garðlag [3453-007]. Þétt sunnan við rannsóknarsvæði er garðlag [3453-012] sem liggur næst í um 6 m frá svæðinu og liggur svæðið því inn fyrir 15 m friðhelgað svæðis umhverfis minjarnar. Ef til framkvæmda kemur innan rannsóknarsvæðisins sem koma til með að raska minjum á svæðinu gæti verið þörf á mótvægisaðgerðum.

Viðauki II. Tafla yfir skráðar minjar

Númer	Teg.	Hlutverk	Vernd	Ástand	Aldur	ÍSNET E	ÍSNET N
3453-001	varða	samgöngubót	friðað	greinanlegar	870-1950	714340.472	563938.037
3453-002	hleðsla	lagnir/veita	annað	greinanlegar	1960-2000	714293.426	564139.500
3453-003	niðurgröftur	kolagröf	friðað	illgreinanlegar	870-1900	714312.961	563945.452
3453-004	niðurgröftur	kolagröf	friðað	illgreinanlegar	870-1900	714250.135	564036.365
3453-005	niðurgröftur	kolagröf	friðað	illgreinanlegar	870-1900	714246.164	564042.269
3453-006	garðlag	óþekkt	friðað	greinanlegar	1000-1800	714103.396	564175.632
3453-007	garðlag	túngarður	friðað	greinanlegar	1000-1800	714049.882	564253.674
3453-008	tóft	útihús	friðað	greinanlegar	1000-1800	714059.558	564251.182
3453-009	bæjarhóll	bæjarstæði	friðað	greinanlegar	1000-1800	714027.736	564270.934
3453-010	garðlag	túngarður	friðað	greinanlegar	1000-1800	714015.728	564269.656
3453-011	niðurgröftur	kolagröf	friðað	greinanlegar	870-1900	713993.046	564280.956
3453-012	garðlag	óþekkt	friðað	illgreinanlegar	870-1500	714320.446	563625.026

Viðauki III. Minjakort

Minjakort

- Skráðar minjar
- Uppmælingar
- Rannsóknarsvæði

0 200 400 600 m

3453-011
3453-009
3453-008
3453-007

3453-006

3453-002

3453-005

3453-004

3453-003

3453-001

3453-012

